



Selfossi 2. nóvember 2012

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

### Umsögn um frumvarp til breytinga á lögreglulögum, 173 mál.

Borist hefur til umsagnar frumvarp til breytinga á lögreglulögum, 173. mál. Frumvarpið kemur fram lítið breytt frá fyrri framlagningu og telur stjórn Félags yfirlögregluþjóna á Íslandi að efni þess sé í meiginatriðum til hagsbóta fyrir lögregluna í heild. Kallað var eftir umsögn félagsmanna og barst stjórninni sameiginleg umsögn yfirlögregluþjóna á Norðurlandi og fylgir hún hér með.

Stjórn félagsins telur brýnt að ljúka sameiningaferli sem verið hefur í vinnslu um langa hríð án þess að niðurstaða fengist. Ljóst er að sá langi tími sem farið hefur í þessa vinnu hefur markað alla áætlanagerð embætta sem sameiningin nær til og jafnvel skaðað hana.

Í frumvarpinu virðist gefið undir fótinn með það að flytja rannsóknir mála í sérstakar deildir á einum stað á landinu. Óhjákvæmilegt er að líta til umræðu um rannsóknir kynferðisbrota í fjölmiðlum og í nefndum Alþingis að undanfögnu þegar þetta er skoðað.

Breyting er gerð á tillögum sem lagðar voru fyrir á árinu 2009 og þess frumvarps sem nú er til umfjöllunar.

Í **núverandi** frumvarpi orðast þetta svona:

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála.

Í frumvarpi sem **lagt var fram á 139 þingi** 2009 til 2010 (586 mál) var þetta orðað svona:

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- b. 1. og 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Ráðherra setur nánari reglur samkvæmt tillögu ríkissaksóknara um hvaða brot skuli rannsaka hjá sérstökum rannsóknardeildum. Brot skal rannsaka í því umdæmi þar sem þau eru framin, sbr. þó ákvæði a- og b-liðar 2. mgr. 5. gr.



Það að fella út þá meginreglu að brot skuli rannsaka í því umdæmi sem þau eru framin hefur orðið til þess að menn velja því fyrir sér hvort þarna sé verið að opna fyrir sérstakar rannsóknardeildir í tilteknum málaflokkum s.s. kynferðisbrotum. Bent hefur verið á að með því að taka tiltekna málaflokka út fyrir og visa þeim til annarra embætta sér strax farið í að veikja þau lögreglulið sem frumvarpinu er ætlað að styrkja. Hér skal tiltekið sérstaklega að eitt af meiginmarkmiðum frumvarpsins er að „auka slagkraft“ lögregluliða og því skýtur skökku við að þessi umræða sé nú uppi á sama tíma og frumvarpið kemur fram

Nauðsynlegt er að benda hér á að fjármagn til löggæslu hefur verið skorið verulega niður á liðnum árum þannig að flest ef ekki öll lögreglulið hafa þurft að forgangsraða verkefnum þar sem að núverandi mannaflí ræður ekki við að sinna þeim. Þetta hefur vakið upp spurningar um öryggi almennings annarsvegar og um öryggi lögreglumanna á vettvangi hinsvegar. Þá er og ljóst að þegar sameina á embætti sem býr við lágar fjárveitingar öðru embætti þar sem fjárveitingar eru hærrí mun fjármagnið leita í jafnvægi og þjónusta á svæðum sem í dag eru betur sett en önnur hugsanlega dragast saman. Því er brýnt að samhliða sameiningarferlinu verði fjármagni veitt til löggæslunnar þannig að ákveðinn lágmarks grunnur verði tryggður hjá hverju embætti fyrir sig áður en embætti eru sameinuð.

## **Athugasemd yfir lögregluþjóna á Norðurlandi**

### **Athugasemdir vegna frumvarps til breytinga á lögreglulögum, 173. mál**

Við enn einn yfirlestur frumvarps til breytinga á lögreglulögum þá er harla fátt um frumvarpið að segja en þó er rétt að koma að smá athugasemd eða hugleiðingu. Það sem vekur athygli er sú breyting sem gerð er á upphaflegi breytingu á 8. gr. laganna. Þar er reyndar opnað alveg fyrir það að „ráðherra setji, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara nánari reglur um stjórn lögreglurannsókna og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn sakamála“. Þetta er afar opin setning svo ekki sé meira sagt. Þarna er alveg í lausu loft hvernig rannsókn sakamála verði fyrir komið eftir að lögin taka gildi og ráðherra hefur það alfarið í hendi sér að færa mál eða málaflokk frá hinum nýju embættum og í eitt sérstakt embætti eða annað embætti sem honum þóknast að fela, jafnvel kannski nær allar rannsóknir á sakamáli í landinu. Þegar það er markmið þeirra breytinga, sem verið er að gera, að styrkja, stækka og efla lögregluliðin þá er fremur vafasamt að skilja það eftir opið að hægt sé að taka frá þeim með hinni hendinni stóran hluta starfsins það er rannsókn mála eða málaflokka. Ef slíkt væri gert væri strax verið að veikja þessi embætti strax í upphafi og það verður að teljast í meira lagi vafasamt. Ef slíkt er ætlunin, sem er að vísu ekki er hægt að lesa beint út úr frumvarpinu, en skilið eftir opið eins og áður segir, þá verður þeim markmiðunum örugglega ekki náð að efla og styrkja lögregluembættin. Sem betur fer eru flest þeirra mála sem til rannsóknar koma hjá lögreglunni ekki flókin og á færi allra lögreglumanna að vinna að rannsóknum þeirra og fylgja þeim til enda á fullnægjandi



hátt. Eftir standa þá fremur fá, erfið, flókin og tímafrek mál. Núverandi fyrirkomulag leysir þetta með rannsóknardeildum sem settar eru niður hjá tilteknum embættum. Sú aðferð hefur gengið vel, allavega hér á Norðurlandi, og ekki séð að til bóta sé að hrófla við því fyrirkomulagi. Það væri fremur að herða á því atriði að samvinna lögreglustjóra og þar með lögregluliða verði meiri og markvissari en verið hefur.

Ef það á að marka þá leið sem opnað er á að ráðherrann geti farið, það er að færa stóran eða mestan hluta rannsókn sakamála í eitt eða fleiri embætti, þá þyrfti að skoða það ítarlega hvort gæði rannsókna sakamála aukist í sama hlutfalli og embættin stækki og málin verði fleiri. Án þess að nokkur könnun liggi þar á bak við þá má efast um að svo sé. En ef slík skoðun eða rannsókn leiðir til þessa að eftir standi að gæðin aukist við samþjöppun rannsókna þá verður að beygja sig undir það. En aðeins ef könnunin leiði í ljós að rannsókn mála sé betri, málshraði meiri, sakfellingar fleiri, gæði rannsóknar meiri og færri athugasemdir frá dómurum. Þá er ekki síður vert að gef því gaum hvort slík tilfærsla á rannsóknum mála eða málaflokka leiði ekki til lakari þjónustu við þá íbúa sem búa í mestri fjarlægð og lakara sambandi íbúana við lögregluna sem sinnir löggæslu í umdæminu.

Sigurður Brynjúlfsson yfirlögregluþjónn á Húsavík.

Daníel Guðjónsson yfirlögregluþjónn á Akureyri.

Stefán V. Stefánsson yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki.

Kristján Þorbjörnsson yfirlögregluþjónn á Blönduósi.

F.h stjórnar,

---

Oddur Árnason,  
yfirlögregluþjónn, Selfossi